

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að vinna aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni. Reykjavíkurborg er vinnustaður, borg þar sem ýmis starfsemi fer fram og jafnframt rými þar sem fólk kemur saman á ólíkum stöðum. Mikilvægt er að borgin geri allt sem hægt er til að vinna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Hér þarf t.a.m. að skoða forvarnir, fræðslu, verkferla og öryggi á vinnustað. Samfélagið og hið opinbera þarf að bregðast við þeim frásögnum sem hafa borist frá þolendum kynferðisofbeldis sem hafa stigið fram með reynslu sína. Lagt er til að ofbeldisvarnarnefnd verði falið að leiða vinnuna við mótun aðgerðaáætlunarinnar og að samráð verði haft við viðeigandi aðila, svo sem starfsfólk borgarinnar, fyrirtækja í eigu borgarinnar og samtök sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Lagt er til að aðgerðaáætlunin verði síðan lögð fram í borgarstjórn.

Greinargerð

Fjölmarginir þolendur hafa stigið fram og greint opinberlega frá reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi og samfélagslegum viðbrögðum og ljóst er að þörf er á aðgerðum til að vinna gegn því ofbeldi sem er í samfélaginu. Hér er að stórum meirihluta um að ræða konur sem stíga fram með reynslu sína og ár eftir ár höfum við heyrt frásagnir kvenna af ofbeldi og áreitni en lítið virðist breytast þolendum til stuðnings. Umræður hafa átt sér stað um að ekki nóg hafi verið gert til að sporna við því ofbeldi sem þrífst í samfélaginu og hér er lagt til að Reykjavíkurborg leggi sitt á vogarskálarnar í samfélagslegum aðgerðum gegn ofbeldi og áreitni. Það á ekki að vera á herðum þolenda að leitast við að uppræta það mein sem kynbundið ofbeldi og áreitni er.

Á fundi borgarstjórnar þann 5. desember 2017 var samþykkt að fela forsætisnefnd og ofbeldisvarnarnefnd að gera tillögur að aðgerðum til að bregðast við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi Reykjavíkurborgar. Lagt var til að umfang vandans yrði metið, að siðareglur kjörinna fulltrúa og starfsmanna borgarinnar yrði yfirfarnar ásamt samþykktri stefnumörkun, verklagsreglum og viðbragðsáætlunum og að gerðar yrði tillögur til úrbóta þar sem þess væri þörf. Þar að auki var opinn fundur haldinn um kynbundna og kynferðislega áreitni.

Mikilvægt er að fara reglulega yfir þessi mál, skoða hvað þarf að efla og hvernig megi tryggja að aðgerðir borgarinnar stuðli að öryggi. Þar er t.a.m. mikilvægt að aðgengi að upplýsingum sé gott en á síðu Reykjavíkur má finna símanúmer um hvar sé hægt að leita hjálpar ef einstaklingur er fórnalamb ofbeldis eða þekkir einhver börn sem hafa verið eða eru nú, fórnarlömb ofbeldis. Mikilvægt er að þær upplýsingar séu aðgengilegar á fleiri tungumálum og auðvelt að finna á síðu borgarinnar, svo dæmi séu nefnd.